



ALÞÝÐUSAMBAND ÍSLANDS



Alþingi
Erindi nr. Þ 132/1765
komudagur 24.4.2006

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Reykjavík, 24. apríl 2006
Tilvísun: 200604-0019

Efni: Frumvarp til laga um kjararáð, 710. mál.

Alþýðusambandi Íslands hefur borist beiðni um umsögn um ofangreint mál. Ekki þarf að fara mörgum orðum um aðdraganda þessa máls, en ASÍ hefur um langt árabil gagnrýnt ríkjandi fyrirkomulag við ákvörðun launa kjörinna fulltrúa þjóðarinnar og æðstu embættismanna.

Í hjálögðu frumvarpi er um margt komið til móts við gagnrýni ASÍ, sérstaklega hvað varðar skipulag, skipan ráðsins og stjórnsýslulega stöðu þess. ASÍ fagnar því að Kjaradómur og Kjaranefnd skuli lagðar af og þess í stað stofnuð ein nefnd, Kjararáð. Jafnframt fagnar ASÍ því að tekin skuli af öll tvímæli um að ekki sé um dómstól að ræða heldur stjórnsýslunefnd, sbr. síðustu málsgrein 10. gr. þar sem kveðið er á um að ákvörðunum og úrskurðum ráðsins verði ekki skotið til æðra stjórnvalds.

ASÍ fagnar því að stefnt skuli að því að fækka þeim sem taka laun samkvæmt ákvörðun ráðsins, en í 1. gr. og 5. gr. er fjallað um þennan þátt. ASÍ telur að affarasælast sé að sem flestir hópar semji um sín kjör í beinum samningum. Engu að síður er ljóst að kjör ákveðinna „ríkisstarfsmanna sem svo er háttað um að þau geta ekki ráðist með samningum á venjulegan hátt vegna eðlis starfanna eða samningsstöðu“ fari í þennan farveg en mikilvægt er að halda umfangi þessa í hófi.

Í 10. gr. er opnuð heimild fyrir því að ráðið geti tekið ákvarðanir um launahlutföll og heildarstarfskjör sjaldnar en árlega og tengt viðkomandi við launabreytingar skv. launavísitölu í samráði við Hagstofu Íslands. ASÍ telur þetta rétt skref, sérstaklega þegar um er að ræða starfskjör kjörinna fulltrúa. Með þessu fyrirkomulagi væri hægt að ákvarða heildarstarfskjör t.d. á kjördegi og láta þau síðan fylgja launavísitölu, og þannig koma í veg fyrir að stjórnáamenn missi trúverðugleika sinn líkt og gerðist um síðustu áramót.

Í 1., 8. og 9. gr. eru viðfangsefni ráðsins skilgreind nánar. ASÍ fagnar því að í frumvarpinu og greinargerð með því sé undirstrikuð skylda Kjararáðs „að taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði“ eins og segir í síðustu mgr. 8. greinar.



ASÍ gagnrýnir hins vegar harðlega hvernig hugtökin „laun og starfskjör“ eru skilgreind í frumvarpinu, sérstaklega hvað varðar kjörna fulltrúa, ráðherra og hæstaréttardómara. Samkvæmt frumvarpinu er áfram gert ráð fyrir því að Alþingi og forsætisnefnd Alþingis fari með veigamikla þætti í heildarkjörum þessara aðila en ekki Kjararáð.

Þetta á sérstaklega við ákvæði laga nr. 88/1995 um þingfararkaup og þingfararkostnað, sérstaklega 2., 3., 5. grein sem fjalla um sérstakar launauppbætur vegna tiltekinna þátta og lög nr. 141/2003 um eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara. Það hefur verið skýr krafa ASÍ að **öll kjör þessara aðila** verði til umfjöllunar á einum stað, hjá Kjararáði. Að afmarka og þrengja hlutverk Kjararáðs með þessum hætti er að mati ASÍ fullkomlega óeðlilegt að einungis til þess fallið að hylja gríðarleg sérréttindi þessara aðila, réttindi sem nema tugum prósentu m.v. hin beinu laun.

Það er mat ASÍ það muni aldrei ríkja friður um laun og starfskjör kjörinna fulltrúa svo lengi sem Alþingi viðheldur þessum feluleik og krefst þess að á þessu verði gerð breyting. Að óbreyttu lýsir ASÍ sig því andsnúið þessu frumvarpi þar sem það gengur ekki nógu langt og lýsir fullri ábyrgð á hendur ríkisstjórn og Alþingi.

Með kveðju,

Gylfi Arnbjörnsson